



LANDSSAMBAND  
ÆSKULÝÐSFÉLAGA

8. október 2015

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um lýðháskóla  
145. löggjafarþing 2015-2016  
Þingskjal 17 – 17. mál.**

Landssamband æskulýðsfélga (LÆF) lýsir hér með yfir stuðningi við tillögu þessa: að gera lýðháskóla að viðurkenndum valkosti í menntun sem njóti lagalegrar umgjarðar og stuðnings hins opinbera. LÆF jafnframt fagnar öllum tilraunum til að nútímavæða og bæta fjölbreytni náms og fræðslu.

Stjórn LÆF hefur sammælt um eftirfarandi atriði og óskar eftir því að tekið verði tillit til þeirra:

- Þó ekki komi skýrt fram í tillögu þessari, gerir LÆF ráð fyrir (sbr. umgjarðir lýðháskólar á Norðurlöndunum) að umræddir lýðháskólar á Íslandi muni leitast við að efla alþjóðlegt samstarf. Þá er átt við sérstaklega að erlendir nemendur fái færi á að sækja skólana og að íslenskir nemendur kynnist alþjóðlegu umhverfi og samstarfi - efla tungumálakunnáttu og menningarlæsi.
- Með lýðháskóla á Íslandi sér LÆF tækifæri til þess að mæta þörfum ungmenna með námsörðugleika betur en gert hefur verið og leggur LÆF til að tækifærið verði nýtt.
- LÆF leggur til að sýnd verði varkárni í tengslum við „trúarlega fræðslu“ sem minnst er á í greinargerð, að tryggja verði að öll trúarbrögð fái jafna vigt í kennslu og lögð sé áhersla á fjölmenningu, margbreytileika og jafnrétti í því samhengi. LÆF leggur jafnframt til að ólympísk hugsjón verði höfð að leiðarljósi í hverskonar íþróttafræðslu fyrir ungmenni.
- LÆF vill þar að auki nýta tækifærið og koma á framfæri þeim áhuga sem ungt fólk hefur sýnt leiðtogamennsku að undanförmu. Hvetur því LÆF stjórnvöld til að mæta þeim áhuga með því að bjóða upp á heildstæða þjálfun í leiðtogamennsku, undir hatti lýðháskóla eða í öðru formi menntunar.
- Svo að raunverulega hægt sé að auka líkurnar á því að allir stundi nám við hæfi og þá sérstaklega „til að mæta ólíkum þörfum og væntingum nemenda og glæða og viðhalda áhuga þeirra“ vekur LÆF athygli á mikilvægi þess að ferlið sem felst í að þróa lýðháskóla á Íslandi verði í samráði við ungt fólk á Íslandi. En slíkt samstarf kemur hvergi fram í tillögu þessari.

*Fyrir hönd LÆF,  
Tinna Isebarn,  
Framkvæmdastjóri,  
[tinna.isebarn@youth.is](mailto:tinna.isebarn@youth.is)*

LANDSSAMBAND ÆSKULÝÐSFÉLAGA/ICELANDIC YOUTH COUNCIL  
PÓSTHÚSSTRÆTI 3-5, 101 REYKJAVÍK  
SÍMI/PHONE: (+354) 561 1100  
FAX: (+354) 520 5601  
PÓSTFANG/EMAIL: [youth@youth.is](mailto:youth@youth.is)